

2001 nr. 43 19. maí**Lög um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn**

Tóku gildi 1. júlí 2002. Breytt með L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbák. VII sem tók gildi 21. júní 2008), L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innanríkisráðherra eða innanríkisráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Gildissvið.

□ Nú fer Alþjóðlegi sakamáladómstólinn þess á leit, í samræmi við samþykkt dómstólsins frá 17. júlí 1998 (Rómarsamþykkt), að hér á landi verði framkvæmdar aðgerðir vegna rannsóknar eða meðferðar máls og skal þá farið með slíkar beiðnir í samræmi við ákvæði þessara laga. Sama gildir um beiðnir dómstólsins um fullnustu dóma.

□ Beiðni um aðgerðir skv. 1. mgr. skal send [ráðherra]¹⁾ sem hefur að öðru leyti samskipti við dómstólinn fyrir hönd íslenska ríkisins.

¹⁾ L. 126/2011, 323. gr.

■ 2. gr. Afhending manns til dómstólsins.

□ Að beiðni dómstólsins skal afhenda mann sem dvelur hér á landi og er grunaður um glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins eða hefur verið ákærður eða dæmdur fyrir slíkan glæp.

□ Um meðferð máls skv. 1. mgr. gilda ákvæði II. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum að því leyti sem þau eiga við.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur veitt heimild til þess að maður sem annað ríki hefur samþykkt að afhenda dómstólnum verði fluttur um yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

¹⁾ L. 162/2010, 167. gr.

■ 3. gr. Önnur aðstoð.

□ Íslenskir dómstólar og stjórnvöld geta að beiðni dómstólsins veitt þá aðstoð sem tilgreind er í 93. gr. Rómarsamþykktarinnar að því tilskildu að slík beiðni sé í samræmi við önnur ákvæði samþykktarinnar.

□ Að beiðni dómstólsins er [ráðherra]¹⁾ heimilt að veita starfsmönnum dómstólsins leyfi til að yfirheyra vitni og framkvæma aðrar rannsóknaraðgerðir hér á landi. Um meðferð slíkra beiðna og framkvæmd aðgerða fer eftir lögum um meðferð [sakamála].²⁾

¹⁾ L. 162/2010, 167. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 4. gr. Beiting þvingunarráðstafana.

□ Að beiðni dómstólsins er heimilt að handtaka mann og beita öðrum þvingunarráðstöfunum. Um meðferð slíkra beiðna fer eftir lögum um meðferð [sakamála].¹⁾

□ Ef lög gera það að skilyrði fyrir beitingu þvingunarráðstafana að fyrir liggi rökstuddur grunur um refsivert brot skal leggja til grundvallar niðurstöðu dómstólsins um það atriði.

□ Maður sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald skv. 1. mgr. getur gert kröfu um að hann skuli leystur úr gæsluvarðhaldi þar til afhending til dómstólsins fer fram. Krafa þess efnis skal borin fram við héraðsdóm.

□ Við mat á kröfu um lausn úr gæsluvarðhaldi skv. 3. mgr. þar til afhending fer fram skal dómari hafa hliðsjón af þeim atriðum sem fram koma í 4. mgr. 59. gr. Rómarsamþykktarinnar. Áður en héraðsdómur tekur slíka kröfu til úrskurðar skal tilkynning um meðferð kröfunnar fyrir héraðsdómi send dómstólnum og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir af því tilefni.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 5. gr. Verjandi sakbornings.

□ Maður sem grunaður er um eða ákærður fyrir háttsemi sem fellur undir lögsögu dómstólsins skal eiga rétt á aðstoð verjanda að eigin vali vegna meðferðar málsins hér á landi. Skal honum tilkynnt um þennan rétt.

□ Þóknun verjanda greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðin samkvæmt lögum um meðferð [sakamála].¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 6. gr. Réttargæslumaður brotapolá.

□ Brotapoli í máli sem fellur undir lögsögu dómstólsins getur óskað eftir að fá skipaðan réttargæslumann ef ástæða þykir til að ætla að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða heilsu vegna háttsemi ákærða og talið er nauðsynlegt að hann njóti aðstoðar réttargæslumanns.

□ Ákvæði [V. kafla laga um meðferð sakamála]¹⁾ skulu gilda eftir því sem við á.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 7. gr. Ne bis in idem.

□ Maður verður ekki ákærður eða dæmdur hér á landi fyrir verknað sem dómur hefur fallið um hjá dómstólnum.

■ 8. gr. Fullnusta dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi.

□ Að beiðni dómstólsins er heimilt að fullnægja dómum hans hér á landi. Dómum má fullnægja þótt dómþoli sé ekki íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi.

□ Fullnusta dóma hér á landi skal fara fram í samræmi við ákvæði 10. kafla Rómarsamþykktarinnar.

■ 9. gr. Refsingar fyrir brot gegn dómstólnum eða starfsmönnum hans.

□ Ákvæði XII., XV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga eiga við um háttsemi sem beinist að dómstólnum eða starfsmönnum hans.

■ 10. gr. Reglugerðarheimild.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og um samskipti við dómstólinn.

¹⁾ L. 162/2010, 167. gr.

■ 11. gr. Gildistaka.

□ Ákvæði laga þessara taka gildi um leið og Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.